



Skýrsla um atvinnuáttak á vegum Skógræktarfélags Kópavogs, Kópavogsbæjar og Skógræktarfélags Íslands sumarið 2012





Skógræktarfélag Kópavogs

Stofnað 25. september 1969

✉ skogkop@gmail.com 🌐 skogkop.net ☎ 864-9246



Undirskrift samnings um atvinnuátaksverkefni. F.v. Magnús Gunnarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands, Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri Kópavogs og Bragi Michaelsson, formaður Skógræktarfélags Kópavogs.

Samningur og markmið atvinnuátaksverkefnisins 2012

Samningur um atvinnuátaksverkefni Skógræktarfélags Kópavogs, Kópavogsbæjar og Skógræktarfélags Íslands í samvinnu við Vinnumálastofnun var samþykktur í byrjun maí sl. af öllum aðilum málsins.

Ákveðið var að bjóða ungu fólki sem var atvinnulaust og námsmönnum sem ekki höfðu fengið vinnu annarsstaðar upp á atvinnu. Verkefnið skyldi standa yfir tímabilið 6. júní til 27. ágúst 2012. Samþykkt var að Bragi Michaelsson yrði stjórnandi verkefnisins og tengiliður skógræktarfélaganna við Kópavogsbæ. Samið var við Kópavogsbæ um að yfirverkstjórn verksins yrði einnig í höndum Skógræktarfélags Kópavogs og ákvað stjórn félagsins að ráða Kristinn Þorsteinsson garðyrkjufræðing í þá stöðu.

Í 2. gr. samningsins eru markmið átaksins skilgreind sem hér segir: „Markmið verkefnisins er að skipuleggja störf fyrir 80 manns á samningstímanum.“ Verkefnin er að finna í viðauka sem fylgir samningi samningsaðila.

Kópavogsbær sá um að gera alla ráðningarsamninga og greiða laun til allra er tóku þátt í verkefninu en Skógræktarfélag Kópavogs sá um greiðslur til stjórnenda sem félagið réði til verksins. Skógræktarfélag Íslands lagði til kr. 68.200 á hvern mann mánuð til greiðslu ýmiss konar kostnaðar sem fylgdi verkefninu.

Eftirfarandi verkefni voru unnin á samningstímabilinu:



Skógræktarfélag Kópavogs

Stofnað 25. september 1969

✉ skogkop@gmail.com 🌐 skogkop.net ☎ 864-9246

Hreinsun umhverfis Guðmundarlund og í Vatnsendaheiði og nágrenni ásamt umhverfi vatnstanks Kópavogsbæjar. Svæðið snyrt og klippt lúpína umhverfis vatnstankinn. Gróðursettar voru um 2000 plöntur í Vatnsendaheiði og borinn áburður á eldri skógarsvæði.

Unnið var við móttöku á heyi í Selfjalli og einnig að hluta til í Vatnsendaheiði. Farið var yfir gróðursetningu fyrri ára og þær plöntur sem höfðu aflagast settar niður á nýjan leik. Borinn var áburður á eldri gróðursetningarsvæði. Gróðursettar voru um 18.000 plöntur í Selfjalli.

Að Fossá var plantað um 6.500 plöntum og unnið við grisjun í skóginum, slegið við gamla bæinn sem þar er og borið á eldri skógarsvæði.



Ráðnir voru 8 flokkstjórar. Alls störfuðu 59 manns við átaksverkefnið sumarið 2012.



Skógræktarfélag Kópavogs

Stofnað 25. september 1969

✉ skogkop@gmail.com 🌐 skogkop.net ☎ 864-9246

Ráðning starfsmanna og flokkstjóra

Kópavogsbær sá um að auglýsa störf og ráða starfsmenn ásamt flokkstjórum. Átta flokkstjórar hófu störf við þetta verkefni en einn hætti þann 20. júlí.

Um 28 manns kom í upphafi til starfa en einhverjir störfuðu ekki allan tímann og nokkrir hættu við síðar á tímabilinu. Í heild komu 32 til vinnu úr hópi skólafólks. Fjórtán einstaklingar komu til vinnu á vegum Félagsmálastofnunar auk félagsráðgjafa sem starfaði í júní og júlí með hópnum. Fjórir komu til vinnu sem atvinnuleitendur. Þá starfaði hópur frá Dimmuhvarfi, sambýli fatlaðra, við verkefni í sex vikur, sjö einstaklingar auk aðstoðarfólks.

Vinnuverkefni skiptust sem hér segir:

- Hreinsun í Vatnsendaheiði: 28 manns í tvo daga.
- Áburðargjöf og gróðursetning í Vatnsendaheiði: 8 manns í 4 daga.
- Vinna við vatnstank: 8 manns í 4 daga.
- Hermannsgarður: 9 manns í 6 daga.
- Fossá - vinna við plöntun og grisjun: 33 manns í 12 daga, 14 manns í 18 daga.
- Selfjall: 24 manns í 22 daga.
- Selhólar: 10 manns í 11 daga.

Alls skiptust tímar svo:

- Fossá: 5000 tímar.
- Selfjall: 6368 tímar.
- Selhólar: 850 tímar.
- Vatnsendaheiði: um 950 tímar
- Gróðursetning í Vatnsendaheiði: 150 tímar
- Guðmundarlundur: um 4300 tímar.

Hluti af sérstökum hópi, sem kom á vegum Félagsþjónustu Kópavogsbæjar, vann allt tímabilið fram í byrjun október en hluti hópsins treysti sér ekki til að vinna allt tímabilið. Árangur af starfi þessa hóps hefur verið mjög góður og er ánægjulegt að skýra frá því að mæting í hópnum var góð.



Skógræktarfélag Kópavogs

Stofnað 25. september 1969

✉ skogkop@gmail.com 🌐 skogkop.net ☎ 864-9246

Fræðslustarfið aukið



Á hverju ári koma öll 11 ára börn úr Kópavog og gróðursetja í „Yrkjuskógarreiti“ Tréin eru keypt fyrir söfnunarfé sem safnaðist á 60. ára afmæli Vigdísar Finnborgadóttur. Myndin er af einum hóp nemenda vorið 2012

Samkomulag var gert við garðyrkjustjóra Kópavogs um aukna fræðslu vegna allra þátttakenda í verkefninu, þ.e. vinnuskólanema og skólabarna við gróðursetningu, t.d. í Yrkjureiti í Vatnsenda.



Fræðsla gegnir veigamiklu hlutverki þegar kemur að umhverfismálum.



Skógræktarfélag Kópavogs

Stofnað 25. september 1969

✉ skogkop@gmail.com 💻 skogkop.net ☎ 864-9246

Undanfarin ár hafa starfsmenn skógræktarfélags Kópavogs tekið á móti grunnskólanemendum í Kópavogi á vorin til gróðursetningar í skólareitum í Vatnsendahlíð, svo nefndum „Yrkjuskógum“. Markmiðið er að þeir sem fræðsluna hljóta fái tilsögn í gróðursetningu trjáplantna og fá tækifæri til að skoða nánasta umhverfi bæjarins. Börnin fara að gróðursetningu lokinni niður í Guðmundarlund og fá þar tækifæri að borða nesti sitt og fara í leiki í skjóli skógar. Með verkefni þessu er leitast við að efla þekkingu og vitund nemenda á gildi skógarins fyrir náttúruna og manninn. Nemendur koma í langferðabifreiðum og kemur einn skóli í einu til fræðslu.

Í ár var gerð tilraun hjá tveimur skólum og var börnunum í hvorum skóla fyrir sig skipt upp í tvo hóp. Annar hópurinn byrjaði í hefðbundinni fræðslu um gróðursetningar og að því loknu voru tré gróðursett. Hinn hópurinn fékk á meðan viðtækari fræðslu um gróður og umhverfi. Blóm og rætur plantna voru skoðuð og hugað að þeirri breytingu sem verður á landi næstu áratugi með tilkomu skóga.



Skólabörn við gróðursetningu vorið 2012.

Síðan var hópnunum víxlað og þeir sem gróðursettu fóru í umhverfisfræðslu og öfugt. Reyndist þessi háttur með ágætum og voru bæði nemendur og kennarar og ánægðir með þetta fyrirkomulag.



Skógræktarfélag Kópavogs

Stofnað 25. september 1969

✉ skogkop@gmail.com 💻 skogkop.net ☎ 864-9246

Gríðursetning

í

Vatsen



Gróðursetning í Vatsendaheiði í Yrkjureiti 2012



Fyrirlestur fyrir nemendur Vinnuskólans sumarið 2012.

Skógræktarfélag Kópavogs annaðist bóklegt og verklegt nám fyrir nemendur í Vinnuskóla Kópavogs. Í bóklega hlutanum var fjallað í máli og myndum um margbreytileika umhverfisins og þau áhrif sem aðfluttar plöntur hafa haft á umhverfi okkar og rýnt inn framtíðina. Velt var vöngum um hæð trjáa,



Skógræktarfélag Kópavogs

Stofnað 25. september 1969

✉ skogkop@gmail.com 💻 skogkop.net ☎ 864-9246

mögulegum aldri og hvaða hlutverki þau gegna í samfélagi okkar. Hlutverk útivistasvæða voru skoðuð og var meðal annars fjallað sérstaklega um Selfjall sem verðandi útivistarsvæði í Kópavogi og hlutverk Skógræktarfélags Kópavogs. Þá var kennt að gróðursetja og sýnd dæmi þar sem bæði vel og illa hafði til tekist. Nemendur komu nokkru síðar í verklega kennslu upp í Selfjall þar sem þeir gróðursettu fjölda trjáa. Þær trjáplöntur sem gróðursettar voru eiga í framtíðinni að vera hluti af og prýða útivistarskóg sem þar er að vaxa.

Í ljós kom að þessi nýbreytni að bjóða nemendum upp á bóklega umhverfisfræðslu áður en farið er í vinnu- og fræðsluferð upp í Selfjall hafði mjög jákvæð áhrif á hópinn í heild. Þau mættu einbeitt, markmiðið var skýrt og gæði gróðursetningar með eindæmum góð.

Krakkarnir voru mun meira lifandi en árið áður, þau veltu fyrir sér og spurðu um ótrúlega margt. Þau spáðu mikið í hraunið í jaðri svæðisins, raflínur, jarðveg, gróður og úrkomu svo eitthvað sé nefnt. Þau veltu mikið fyrir sér hvernig útivistasvæðið í Selfjalli kemur til með að líta út eftir nokkra áratugi og mörg þeirra voru búin að draga upp sína mynd áður en til umræðu kom.



Umhverfisfræðsla skiptir miklu máli og hvernig að henni er staðið.

Þá heimsótti sérfræðingur frá Skógræktarfélagi Kópavogs alla nemendur í Vinnuskólanum á vinnustað þar sem þeir voru í starfsþjálfun. Þeir voru að sinna ýmsum verkefnum, til að mynda illgresishreinsun og stígagerð. Markmið fræðslunnar var að vekja áhuga þeirra á nánasta umhverfi. Skoðaður var ýmis gróður í umhverfi þeirra eins og t.d. þær plöntur sem þeir voru að fjarlægja úr gangstígum og beðum. Sérhvert illgresi fékk sitt rétta nafn og aðra stöðu í flóru landsins.

Umræður fóru fram um tilgang verkefnis þeirra og horft til framtíðar. Þar sem ungmennin voru við störf á mismunandi stöðum í ólíku umhverfi þá urðu umræðuefnin mjög ólík.



Skógræktarfélag Kópavogs

Stofnað 25. september 1969

✉ skogkop@gmail.com 🌐 skogkop.net ☎ 864-9246

Verkefni í Fossárskógi 2012



Myndin er tekin af fulltrúa Bandalags íslenskra skáta á Fossá í Hvalfirði af starfsmönnum Skógræktarfélags Kópavogs við afhendingu skógarafurða í júlí.

Íslensk skógartimbur frá Fossá á Landsmóti Skáta - Fréttatilkynning skáta

„Landsmót Skáta verður haldið á Úlfjótssvatni að þessu sinni og hefst n.k. sunnudag. Allur undirbúningur stendur nú yfir af fullum krafti. Meðal þess sem þarf að vera til reiðu eru spírur sem skátarnir nota til að byggja allskonar hlið og þrautabrautir sem eru hluti af búnaði mótsins.

Bandalag íslenskra skáta samdi að þessu sinni við Skógræktarfélag Kópavogs um að útvega 500 spírur sem notaðar verða á mótssvæðinu. Skógræktarfélagið er að vinna að grisjun á Fossá í Kjós og í samvinnu við Skógræktarfélag Íslands var svæðið grisjað og í dag afhenti Skógræktarfélag Kópavogs skátunum þessar skógarafurðir. Að verkefninu komu vinnuflokkar í atvinnuáttaverkefni hjá félaginu sem fengnir voru með samningum milli Skógræktarfélagsins og Skógræktarfélags Íslands og Kópavogsbæjar með stuðningi Vinnumálastofnunar.“



Skógræktarfélag Kópavogs

Stofnað 25. september 1969

✉ skogkop@gmail.com 🌐 skogkop.net ☎ 864-9246

Gróðursetning og grisjun á Fossá 2012



Allir starfsmenn sem unnu í Fossárskógi voru fluttir með hópferðabílum á staðinn.

Sumarið 2011 var Fossárskógur gerður að Opnum skógi í samvinnu við Skógræktarfélag Íslands með stuðningi frá Arion-banka og Skeljungu. Í sumar var haldið áfram við að grisja skóginn og gera stíga sem kurlað var í efni sem var grisjað. Verkefni þetta er framhald af stígagerð og grisjun sem stöðugt þarf að vinna að. Fossárskógur þarfnast mikillar grisjunar og hefur atvinnuátaksverkefnið á undanförunum árum nýst vel í þessum tilgangi. Þá var umhverfið hirt og gróðursett um 8000 plöntur í svæðið.



Skógræktarfélag Kópavogs

Stofnað 25. september 1969

✉ skogkop@gmail.com 🌐 skogkop.net ☎ 864-9246



Túnið umhverfis íbúðarhúsið á Fossá eða bæjarhólinn og næsta nágrenni var slegið og fegrað.



Unnið var við gróðursetningu og við að kurla. Kurlið var nýtt í nýja skógarstíga. Alls voru unnar um 5000 vinnustundir að Fossá í sumar.



Skógræktarfélag Kópavogs

Stofnað 25. september 1969

✉ skogkop@gmail.com 🌐 skogkop.net ☎ 864-9246

Verkefni í Selfjalli



Gróðursetning í Selfjalli 2012

Heyi frá sláttusvæðum bæjarins var ekið upp í Selfjall. Hey var lagt kringum nýgróðursettar plöntur, dreift í rofabörð og á örfoka land. Fjarlægð frá vegi þar sem hey var losað af vörubílum og þangað sem því var dreift varð sífellt lengri. Komu þá verkstjórar frá Vinnuskólanum einn dag og var gerð tilraun til að aka heyi á pallbílum með kerru upp á fjall og dreifa því þar. Tókst tilraunin með ágætum og í framhaldi af því voru farnar nokkrar ferðir á fjallið og heyi dreift.

Unnið var áfram í ár við gróðursetningu í Selfjalli og farið var yfir tilraunareiti sem gerðir voru 2011 með mismunandi aðferðum við gróðursetningu. Hugmyndin er að sjá hvaða gróðursetningaraðferðir henta best í Selfjalli en landið er mjög erfitt til gróðursetningar. Einnig verða reitirnir notaðir til að fræða ungt fólk sem kemur til vinnu í Selfjalli um mismunandi gróðursetningaraðferðir og mikilvægi þess að vanda til verka.



Tilraun í Selfjalli sett út vikuna 18. – 22. júlí 2011.

Tilraun

Grafnar holur í öllum tilfellum. Breidd á holum 20 cm og dýpt 30 cm ($0,012 \text{ m}^3$). Rúmtak húsdýraáburðar er $\frac{1}{4}$ af m^3 holu. Gróðursett án húsdýraáburðar.

1. Gróðursett án húsdýraáburðar og blákorni dreift með.
2. Gróðursett með húsdýraáburði.
3. Gróðursett með húsdýraáburði og blákorni dreift með.
4. Gróðursett með húsdýraáburði og gras sett í kringum plöntu í 5 cm þykkt og 15 cm út frá stofni (30 cm þvermál).
5. Gróðursett með húsdýraáburði og gras sett í kringum plöntu í 5 cm þykkt og 30 cm út frá stofni.
6. Gróðursett með húsdýraáburði og grasfræi sáð kringum plöntu 15 cm út frá stofni.
7. Gróðursett með húsdýraáburði og sáð grasfræi kringum plöntu 15 cm út frá stofni og blákorni dreift með.
8. Gróðursett án húsdýraáburðar og grasfræi og blákorni sáð kringum plöntu 15 cm út frá stofni.
9. Gróðursett með húsdýraáburði og sáð hvítmára kringum plöntu 15 cm út frá stofni.
10. Gróðursett með húsdýraáburði og gamlar þökur settar í kringum plöntu 15 cm út frá stofni.
11. Gróðursettar mismunandi tegundir með húsdýraáburði og gras sett í kringum plöntu 15 cm út frá stofni.

Gróðursettar voru 24.481 plöntur í sumar samkvæmt þessar skiptingu.



Skógræktarfélag Kópavogs

Stofnað 25. september 1969

✉ skogkop@gmail.com 🌐 skogkop.net ☎ 864-9246

	Selfjall	Lækjarbotnar	Vatnsendahæð	Fossá	Guðmundarlundur	Alls
Stafafura	1200	250	300	1550	250	3550
Evrópulerki	30	67	335	268	37	737
Sitkagreni			200	2010		2210
Rússalerki		67	134			201
Ilmbjörk	10710	970	1005	1340	402	14427
Reyniviður	525	120	240	220	80	1185
Fjallapínur	24	48		400	640	1112
Gráelri	80	40	40			160
Sitkaelri	60		140			200
Evrópulerki	60	40	20			120
Risalerki		20	20			40
Lindifura		154		120	12	286
Selja	120	48				168
Myrtuvíðir	70			20	10	100
Rósareynir		100	20			120
Fjallapöll		40			0	40
Blágreni				800	200	1000
Gulvíðir	80		400	320	200	1000
	12.959	1964	2854	7048	1831	26.656



Skógræktarfélag Kópavogs

Stofnað 25. september 1969

✉ skogkop@gmail.com 💻 skogkop.net ☎ 864-9246

Lækjarbotnar

Í Lækjarbotnum var haldið áfram við að taka niður girðingu um höfuðborgarsvæðið en hlutverki hennar er lokið. Var net og gaddavír losaður af staurum ofan við Kópasel og frá beitarhólfi við Lögbergsrétt áleiðis upp Selfjall ofan Kópasels. Efni var fjarlæggt en staurar standa enn og þarf að losa þá upp og fjarlægja á komandi sumri. Á nokkrum stöðum lá girðingin niðri umvafin lúpínu og ekki gerlegt að losa net upp á höndum nema að vori til áður en vöxtur lúpínu hefst. Einnig var unnið við grisjun og stígar lagfærðir, m.a. við Tröllabörn.



Starfsmenn í vinnu við að taka niður girðingu um höfuðborgarsvæðið 2012.



Gróðursettar voru trjáplöntur í norðurhlíðar Selhóla í Lækjarbotnum og á sléttunni. Byrjað var á að slá lúpínu og marka fyrir göngustíg á sama svæði en ljúka þarf því verki á komandi sumri.



Skógræktarfélag Kópavogs

Stofnað 25. september 1969

✉ skogkop@gmail.com 💻 skogkop.net ☎ 864-9246

Guðmundarlundur og Vatnsendaheiði



Heimsókn grunnskólabarna í Guðmundarlund vorið 2012

Í Guðmundarlundi og á Vatnsendaheiði voru unnin mörg hefðbundin störf eins og sláttur, beðahreinsun, þrif eftir gesti og gangandi o.fl. Þá var gert átak í grisjun skógarins, efni kurlað og lagt í stíga. Við þetta verkefni unnu auk átaksstarfsmanna íbúar á sambýlinu Dimmuhvarfi.



Unnið við gróðursetningu í Vatnsendaheiði



Skógræktarfélag Kópavogs

Stofnað 25. september 1969

✉ skogkop@gmail.com 💻 skogkop.net ☎ 864-9246

Gróðursett var í Vatnsendaheiði og farið yfir allar nýlegustu gróðursetningarnar og borinn áburður á ræktunarsvæðin. Farið var yfir svæðið og rusl fjarlægð. Flestir starfsmenn hættu um miðjan ágúst en nokkrir unnu til 26. ágúst samkvæmt sérstakri heimild þar að lútandi.



Í Selfjalli hefur verið gróðursett í fjögur ár. Þar er mjög erfitt land, mikill uppblástur og örfoka melar. Hey hefur verið nýtt til að hlífa plöntum fyrstu árin og gefið mjög góða raun. Á myndinni er Bragi Michaelsson að skoða árangur eftir þriðja veturinn sem plönturnar hafa lifað við þessi skilyrði.



Unnið við stígagerð í Guðmundarlundi.



Skógræktarfélag Kópavogs

Stofnað 25. september 1969

✉ skogkop@gmail.com 💻 skogkop.net ☎ 864-9246

Atvinnuáttak - endurgreiðslur Skógræktarfélags Íslands til Skógræktarfélags Kópavogs.

Þá fékk Kópavogsbær einnig endurgreiddan kostnað vegna verkefnisins

Endurgreiðslur

Listi 1	18.6.12	1.021.312
Listi 2	24.7.12	1.260.135
Listi 3	18.08.12	2.291.942

Samtals Skóg. Kóp. 4.573.389

Átaksverkefni Skógræktarfélags Kópavogs

Árangur af atvinnuátaksverkefninu er tvímælaust góður. Eftir að Skógræktarfélag Kópavogs, í samvinnu við Skógræktarfélag Íslands og Kópavogsbæ, hóf þátttöku í atvinnuátaksverkefninu 2009 hefur Guðmundarlundur tekið miklum stakkaskiptum og orðið sífellt vinsælla sem útivistarsvæði. Sumarið 2012 heimsóttu í skipulögðum hópum um 17.000 manns svæðið en að auki eru þar daglega fólk á eigin vegum. Grunnskóla -og leikskólabörn úr Kópavogi og nágrennabyggðum er stór hópur þessara gesta.



Myndin hér að ofan er tekin í Guðmundarlundi af útilegu skátafélagsins Kópa sem var undirbúningur fyrir landsmót skáta 2012.



Skógræktarfélag Kópavogs

Stofnað 25. september 1969

✉ skogkop@gmail.com 🌐 skogkop.net ☎ 864-9246



Á þremur stöðum er aðstað fyrir gest til að grilla ásamt leiksvæðum



Híopur grunnskólanemenda í Guðmundalundi



Skógræktarfélag Kópavogs

Stofnað 25. september 1969

✉ skogkop@gmail.com 💻 skogkop.net ☎ 864-9246



Leik -og grunnskólanemendur eru stór hluti gesta í Guðmundarlundi.

Samstarf við Félagsþjónustu Kópavogs

Undanfarin þrjú ár hefur verið góð samvinna milli Skógræktarfélags Kópavogs og Félagsþjónustu Kópavogs um að hluti þeirra starfsmanna sem starfað hefur í atvinnuáttaksverkefnum komi inn í verkefnið í gegnum Félagsþjónustu Kópavogs. Sumarið 2012 voru þetta í heild fjórtán einstaklingar auk sex einstaklinga frá Dimmuhvarfi. Vinnutímabil þessara einstaklinga var mislangt, allt frá einni viku upp í 22 vikur. Það er mat undirritaðs að þetta verkefni hafi tekist mjög vel.



Skógræktarfélag Kópavogs

Stofnað 25. september 1969

✉ skogkop@gmail.com 🌐 skogkop.net ☎ 864-9246

Árangur verkefnisins



Unnið var við grisjun og kurlað í poka og var kurlið notað í göngustíga. Vinna við að setja kurlið í göngustígana var unnin af fötluðum einstaklingum frá sambýlinu Dimmuhvarfi og fengu þeir laun fyrir þessi störf vegna þátttöku í atvinnuáttaksverkefninu.



Unnið var við grisjun í Guðmundarlundi.



Skógræktarfélag Kópavogs

Stofnað 25. september 1969

✉ skogkop@gmail.com 🌐 skogkop.net ☎ 864-9246

Lokaniðurstöður verkefnisins

Á meðan á áttakinu stóð héldu Bragi Michaelsson, Kristinn Þorsteinsson og Friðrik Baldursson, garðyrkjustjóri Kópavogsbæjar, fundi um stöðu verkefnisins. Hafa þeir fundir skilað mjög góðu samstarfi.

Í lok verkefnisins var öllum hópnum boðið í grill í þakklætisskyni fyrir vel unnin störf fyrir félagið. Það er mat undirritaðra að verkefnið hafi tekist vel og almennt hafi þeir einstaklingar sem unnu að verkefninu verið sáttir og ánægðir með starfið fyrir félagið og Kópavogsbæ.

Verkefnin hafa skilað skógræktarfélaginu góðri vinnu og gert starfsemi félagsins mikið gagn sem verður öllum bæjarbúum til ánægju og gleði á svæðum félagsins. Fyrir þennan stuðning við starf Skógræktarfélagsins viljum við í Skógræktarfélagi Kópavogs þakka öllum sem að því stóðu: bæjarstjórn Kópavogs, Skógræktarfélagi Íslands, Vinnumálastofnun og innanríkisráðuneytinu.

Bragi Michaelsson

Kristinn H. Þorsteinsson